

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
2019-12-16

Efni: Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar), 150. löggjafarþing - þingskjal 625 - 449. mál

Breytingin sem frumvarpið felur í sér, að starfsmenn ríkiskirkjunnar verði ekki lengur ríkisstarfsmenn, er í sjálfu sér góð og nauðsynlegt skref í átt að aðskilnaði ríkis og kirkju

Hins vegar er breytingin liður í því að Alþingi samþykki nýlegan viðbótarsamning íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar. Sá samningur styrkir samband ríkis og kirkju og felur í sér nýjar skuldbindingar af hálfu ríkisins:

1. Ákvæði núverandi samnings um að framlag ríkisins lækki vegna fækkunar í Þjóðkirkjunni er tekið út. Miðað við núverandi þróun á fækkun meðlima ríkiskirkjunnar er þetta áætlaður kostnaður upp á 900 milljónir króna þangað til hægt verður að endurskoða samninginn aftur og meira en 120 milljónir króna árlega eftir það.
2. Inn í samninginn (2. gr) eru sett framlög íslenska ríkisins í Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð, 711 milljónir króna á ári. Hingað til hafa þessi framlög verið ákveðin af Alþingi einhliða með lagasetningu og því hefur verið hægt að slíta þetta samband með einfaldri lagasetningu. Með þessum samningi eru þessu framlög fest í samning og felur í sér nýja skuldbindingu af hálfu ríkisins.

Í nefndaráliti meirihlutans (þingskjal 731) er sagt að hann "[leggi] áherslu á að viðbótarsamningurinn felur ekki í sér nýjar skuldbindingar af hálfu ríkisins. Samningurinn felur í sér að gagngjaldið sem kirkjujarðasamkomulagið kveður á um er skilgreint með öðrum hætti en áður en ekki til lækkunar eða hækkunar."

Í ljósi hins ofarnefnda er þetta kolrangt. Gagngjaldið er hækkað samanber lið 1 og 2.

Vantrú mótmælir því harðlega að Alþingi samþykki þennan samning á fölskum forsendum í flýti undir því yfirskeyni að þetta sé liður í aðskilnaði ríkis og kirkju, þegar samningurinn gerir það erfiðara að slíta á fjárhagslegt samband ríkis og kirkju.

Að þessu sögðu er það breyting til batnaðar að starfsmenn Þjóðkirkjunnar verði ekki lengur ríkisstarfsmenn. Ef frumvarpið verður samþykkt hvetjum við Alþingismenn að setja skýrt fram að það feli ekki í sér samþykki á viðbótarsamningnum, heldur verði hann tekinn fyrir síðar.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar